



Slysatrygging launþega

Vátryggingarskilmálar nr. Sp20

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. Sp20.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

A. Almennir skilmálar

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
4. Greiðsla iðgjalds
5. Endurgreiðsla iðgjalds
6. Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs Fyrning

B. Slysatrygging launþega

8. Hugtakið slys
9. Bótasvið
10. Áhættubreyting
11. Útreikningur iðgjalds
12. Vátryggingarfjárhæð
13. Ákvörðun bóta
14. Framsal

C. Vátrygging á persónulegum munum (valkvætt)

15. Vátryggðir hagsmunir
16. Bótasvið
17. Vátryggingarfjárhæð
18. Ákvörðun bóta
19. Tvítrygging

A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B og C kafla skilmála þessara.

1. Vátryggður

Vátryggingin gildir fyrir launþega í starfi hjá vátryggingartaka.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum

3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 3.1 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 3.2 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

4. Greiðsla iðgjalds

- 4.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 4.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. og 96. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

5. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggingartaki hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.

6. Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs

- 6.1 Ábyrgð félagsins gagnvart vátryggðum hefst þegar hann hefur störf hjá vátryggingartaka.
- 6.2 Vátryggingin fellur niður gagnvart launþega þegar hann lætur af störfum hjá vátryggingartaka.

7. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaraburður varð.



B. Slysatriyging launþega

8. Hugtakið slys

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans.

9. Bótasvið

9.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir, ef það leiðir til andláts, varanlegrar læknisfræðilegrar örorku, tímabundins missis starfsorku eða tannbrots:

9.1.1 Í starfi hjá váttryggingartaka og á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef váttryggður hefur vegna starfa síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis.

9.1.2 Í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum váttryggingartaka, enda sé ákvæði um slíkt í kjarasamningi sem tekur til váttryggðs.

9.1.3 Við þátttöku í íþróttum, keppnum og leikjum á vegum váttryggingartaka eða starfsmannafélags váttryggðs og ætlast sé til þátttöku váttryggðs í slíkri iðkun sem hluti af starfi hans, enda sé ákvæði um slíkt í kjarasamningi sem tekur til váttryggðs.

9.1.4 Í frítíma komi það fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Bótapættir sem váttryggingin tekur til koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Tannbrot er eingöngu innifalið í váttryggingunni þegar örorkubætur eru tilgreindar sem bótapáttur.

9.2 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við váttryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

9.3 Ef jarðskjálfti, eldgos, flóð, skriðuföll eða aðrar náttúruhamfarir valda slysi í einum og sama atburði á mörgum váttryggðum einstaklingum takmarkast heildarbætur félagsins við kr. 200 milljónir. Bætur skiptast hlutfallslega á milli bótaþega. Takmörkun þessi gildir þótt hinir slösuðu séu ekki launþegar sama váttryggingartaka.

Félagið greiðir ekki bætur vegna slyss:

9.4 Í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum, sjá þó gr. 9.1.3.

9.5 Við fjallaklifur sem krefst sérstaks búnaðar, í bjargsgigi, hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarsökki, froskköfun og teygjustökki.

9.6 Í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

9.7 Í handalögmálum, nema váttryggður hafi í starfi sínu engöngu brugðist við í sjálfsvörn.

9.8 Við þátttöku í refsiverðum verknaði.

9.9 Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.

9.10 Af völdum eitraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs.

9.11 Þegar bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjatriygingu, þ.e. hvort heldur er úr ábyrgðatriygingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, nema annað leiði af kjarasamningi. Sama gildir eigi váttryggður rétt til bóta samkvæmt reglum umferðarlaga um tjón af völdum óþekktra og óváttryggðra ökutækja.

9.12 Í starfi hjá öðrum en váttryggingartaka hvort sem um er að ræða launað starf eða ekki eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysaþetta fylgir.

9.13 Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

10. Áhættubreyting

Váttryggingartaki skal án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um sérhverjar breytingar á starfi þeirra sem váttryggðir eru, sem hafa áhættuaukningu í för með sér. Vanræksla á því getur leitt til þess að ábyrgð félagsins vegna hvers váttryggingaratburðar verði lækkuð hlutfallslega, sbr. 88. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

11. Útreikningur iðgjalds

11.1 Iðgjald váttryggingarinnar tekur mið af störfum, kjarasamningum og fjölda þeirra sem váttryggðir eru.

11.2 Iðgjald breytist við endurnýjun váttryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs.



12. Vátryggingarfjárhæð

- 12.1 Hámarks vátryggingarfjárhæðir vegna dánarbóta, örorkubóta og dagpeninga koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og fara eftir ákvæðum kjarasamnings þess sem tekur til vátryggðs.
- 12.2 Vátryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við þá vísitölu og með þeim hætti sem fram kemur í kjarasamningi þeim sem tekur til vátryggðs.
- 12.3 Vátryggingarfjárhæðir taka mið af aldri vátryggðs í samræmi við ákvæði kjarasamnings sem gilda fyrir vátryggðan.
- 12.4 Sé vátryggður 70 ára eða eldri og ekki eru sérstök ákvæði vegna aldurs vátryggðs í kjarasamningi sem tekur til hans, verða vátryggingarfjárhæðir eftirtaldir hundraðshlutar af hámarks vátryggingarfjárhæðum:
- | | |
|----------------|-----|
| Á 71. ári..... | 95% |
| Á 72. ári..... | 90% |
| Á 73. ári..... | 85% |
| Á 74. ári..... | 80% |
| Á 75. ári..... | 75% |
| Á 76. ári..... | 70% |
| Á 77. ári..... | 65% |
| Á 78. ári..... | 60% |
| Á 79. ári..... | 55% |
| Á 80. ári..... | 50% |
| Á 81. ári..... | 45% |
| Á 82. ári..... | 40% |
| Á 83. ári..... | 30% |
| Á 84. ári..... | 20% |
| Á 85. ári..... | 10% |
- 12.5 Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi og breytast í hlutfalli við breytingu á vísitölu frá slysdegi til uppgjörsdags tjóns í samræmi við ákvæði kjarasamnings sem tekur til vátryggðs.

13. Ákvörðun bóta

- 13.1 Dánarbætur
- 13.1.1 Látist vátryggður vegna afleiðinga slyss innan þriggja ára frá slysdegi greiðast dánarbætur, að frádregnum bótum sem félagið kann að hafa greitt vátryggðum fyrir varanlega örorku vegna sama slyss.
- 13.1.2 Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.
- 13.1.3 Um rétt til dánarbóta fer samkvæmt kjarasamningi þeim sem tekur til vátryggðs.
- 13.2 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

- 13.2.1 Valdi slys vátryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar vátryggingar-fjárhæðar sem var í gildi á slysdegi.
- 13.2.2 Örorkuna skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorku ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slyss sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til að ástand vátryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorkan getur aldrei talist meiri en 100%. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við vátryggingarfjárhæðina samkvæmt fyrirmælum í kjarasamningi. Við útreikning örorkubóta skal ekki tekið tillit til örorku sem var til staðar fyrir slysið.
- 13.2.3 Margfeldisáhrif örorkustiga taka mið af ákvæðum kjarasamnings sem gilda fyrir vátryggðan.
- 13.2.4 Missir eða bækluð á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bækluð á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækluðinni fyrir slysið.
- 13.2.5 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.
- 13.2.6 Ef vátryggður andast áður en varanleg örorka er metin greiðast engar örorkubætur.
- 13.2.7 Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og vátryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- 13.3 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku
- 13.3.1 Valdi slys vátryggðum tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga. Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem vátryggður er óvinnufær að mati læknis, eða þar til örorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó hvorki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun né fyrir tímabilið að loknum þremur árum frá slysdegi.



- 13.3.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá slysdegi, þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.
- 13.3.3 Félagið tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 13.3.4 Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 13.3.5 Dagpeningar greiðast váttryggingartaka meðan hann greiðir þeim sem váttryggður er laun samkvæmt kjarasamningi en síðan þeim sem váttryggður er.
- 13.4 Bætur vegna tannbrots
- 13.4.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys.
- 13.4.2 Greiðsla félagsins takmarkast við 5% af grunnváttryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss váttryggðs og samanlagðar greiðslur vegna slysa hans á hverju váttryggingartímabili við 7,5% af sömu fjárhæð.
- 13.4.3 Félagið bætir þó ekki tennur sem brotna í vinnuslysi, sbr. lög um almannatryggingar, eða tennur sem brotna þegar váttryggður matast.
- 13.5 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða þann sem váttryggður er.
- 13.6 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar þess sem váttryggður er að fengnu samþykki hans.

14. Framsal

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

C. Váttrygging á persónulegum munum

Váttryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

15. Váttryggðir hagsmunir

- 15.1 Váttryggingin tekur til algengs nauðsynlegs fatnaðar og muna í eigu launþega.

- 15.2 Váttryggingin tekur ekki til gsm síma, fartölva og annarra sambærilegra muna.

16. Bótasvið

Váttryggingin bætir tjón á eignum launþega ef þær eyðileggjast við framkvæmd vinnu hans í þágu váttryggingartaka.

17. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

18. Ákvörðun bóta

- 18.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 18.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 18.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 18.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingar-atburð.
- 18.5 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingar-atburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

19. Tvíttrygging

- 19.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 19.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 19.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 26. janúar 2009.